

**140. fundur skólanefndar ME,
haldinn 31. maí 2018 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Sigrún Birna Björnsdóttir og Halldór B. Warén.

Mættir áheyrnarfulltrúar: Hlynur Ármannsson f.h. kennara og Steinunn Snædal f.h. foreldra.

Jafnframt sátu fundinn: Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 139
2. Gangurinn í starfinu.
3. Starfsmannamál.
4. Fjárhagsmál.
5. Gjaldskrárbreytingar.
6. Önnur mál.

Skúli Björn setur fund um kl. 17.

Gengið er til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 139

Fundargerð 139 staðfest með undirritun á fundinum en hún hafði verið send út til samþykktar eftir síðasta fund.

2. Gangurinn í starfinu

Skólameistari fór yfir starfsemi frá síðasta fundi. Útskrift fór fram í Egilsstaðakirkju 26. maí þar sem 35 nemendur útskrifuðust. Starfsdagar voru 28.-29. maí og heppnuðust vel. Ingvi Hrannar Ólafsson og Bergvin Guðmundsson komu í heimsókn og fjölluðu um tækni í skólastarfi og vendikennslu. Í kjölfarið hefur skólinn útvegað 25 leyfi í Nearpod appinu fyrir kennara sem tekið verður í gægnið næsta haust.

Á starfsdögum fór einnig fram tiltekt í starfsmannarýmum auk skólafundar og annarra funda. Starfsdagar enduðu á vel heppnaðri starfsmannaferð til Seyðisfjarðar í blíðskaparveðri. Framundan er starfsmannaferð til Helsinki og Tallin 6.-12. júní.

Það stefnir í rýra innritun í skólann í haust, m.a. vegna lítills útskriftarárgangs úr grunnskólum á Austurlandi. Þegar þetta er skrifað hafa 44 nýnemar sótt um skólavist fyrir næsta skólaár. Einnig hafa fjölmennar útskriftir á nýliðnum vetri áhrif á nemendafjöldann, en 67 nemendur útskrifuðust samanlagt frá skólanum í jóla- og vorútskrift. Það stefnir því í fámenni næsta haust miðað við síðustu ár.

3. Starfsmannamál

Árni varpar upp skjali sem sýnir fyrirhugaðar breytingar á starfsmannahaldi. Ekki er um stórvægilegar breytingar að ræða en tveir kennarar snúa aftur úr launuðu leyfi og einn úr ólaunuðu leyfi og taka þeir stöður þeirra starfsmanna sem leystu þá af. Einn kennari fer í launað leyfi og hefur verið gengið frá ráðningu í hans stað. Einn kennari minnkar við sig vinnu og annar nær 70 ára aldri í febrúar á næsta ári. Tveir starfsmenn hljóta fastráðningu. Umsjónarmaður húsa lætur af störfum og hefur hans staða verið auglýst.

Starfsmannamál standa annars vel og er góð stemming í starfsmannahópnum. Það staðfestist m.a. í könnun SFR og könnun á viðhorfum kennara sem innra matið stóð fyrir í vor.

Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við nýjar ráðningar.

HBW
SJA
HBW
1

4. Fjárhagsmál

Rekstrarafgangur ársins 2017 var rúmar 23 milljónir. Búið er að endurskoða fjárhagsáætlun ársins í ljósi þessa. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir meiri innkaupum en hin fyrri. Árni sýnir mynd af rafdrifnum skrifborðum sem skólinn hyggst kaupa inn í starfsaðstöðu kennara þannig að þeir sem vilja slíkt eigi þess kost.

Hótel Edda er að komast í gagnið undir stjórn nýs hóteltjóra, Aðalsteins Halldórssonar.

ME fær um 6,2 milljónir af þeim 375 milljónum sem renna til framhaldsskólanna vegna niðurstöðu Félagsdóms frá hausti 2016 um álag í starfi vegna breytinga á starfi framhaldsskóla. Útfærsla á greiðslu þessara peninga til kennara var rædd á stofnanafundi og í kjölfarið samþykkt samhljóða á kennarafundi þann 28. maí.

5. Gjaldskrárbreytingar

Árni varpar upp gildandi gjaldskrá skólans. Heimavistar- og mötuneytisgjöld hafa ekki verið hækkuð í a.m.k. tvö ár. Það þarf að hafa um 70 manns í mötuneyti til að það reki sig. Síðasta vor var fjöldinn kominn niður undir 60. Árni leggur til að mánaðarleiga per einstakling í tveggja manna herbergjum hækki úr 13.500 í 15.000 og í eins manns herbergjum úr 22.000 í 23.000. Einnig leggur hann til að verð fyrir staka máltíð í mötuneyti hækki úr 1100 kr. í 1200 kr. og verð á 10 miða matarkorti úr 10.000 kr. í 11.000 kr.

Fundurinn samþykkir þessar tillögur um breytingar á gjaldskránni.

Hlynur spyr hvort skoðað hafi verið hvað aðrir skólar eru að innheimta. Ef ME er ódýrari en gengur og gerist væri hægt að auglýsa það sérstaklega. Árni segir að þetta hafi ekki verið kannað sérstaklega en það kynni að vera góð hugmynd.

Steinunn leggur til að hætt verði að senda giróseðla fyrir heimavistasrgjöldum og látið nægja að innheimta gegnum heimabanka. Árni bendir á að MT bókhald sjái um innheimtuna en tekur að sér að koma þessu til skila.

6. Önnur mál.

- a) Halldór bendir á að nýnemaballið í haust kunni að rekast á aðra viðburði í Valaskjálfi og spyr hvort mögulegt væri að halda ballið á fimmtudegi. Þetta er hlutur sem þarf að skoða í tíma. Í kjölfarið skapast umræða um ballmenningu MEinga. Árni og Steinunn nefna aukna áherslu á áfengislausu dansleiki næsta haust og að nemendur verði jafnvel skyldaðir til að blása í áfengismæli áður en þeir fara á böll í nafni skólans.
- b) Verklagsreglum og fundarsköpum fyrir skólanefnd ME er varpað á skjá. Skúli bendir á að búið sé að fella úr gildi reglugerð nr.132/1997 um skólanefndir við framhaldsskóla. Því beri að uppfæra skjalið til samræmis við það og fjarlægja tilvísanir í hina brottföllnu reglugerð sem eru tvær talsins. Fundarmönnum gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri varðandi breytingar á verklagsreglum um leið og fundargerð fundarins en eftir það skoðist reglurnar samþykktar. Skúli bendir á að samvæmt reglum og lögum um framhaldsskóla skuli fundargerðir skólafunda og kennarafunda kynntar skólanefnd. Þetta hafi ekki verið gert upp á síðkastið og rétt sé að bæta úr því.

- c) Skúli spyr út í brunæfingar í ME. Árni svarar því til að hann þekki ekki dagsetningu síðust æfingar en langt sé um liðið frá því síðast. Í vor var farið yfir rýmingarleiðir og ljós. Búið er að ákveða að brunæfing verði í haust og á hverju hausti þaðan í frá. Þetta á bæði við um kennsluhús og heimavistarhús.
- d) Skúli spyr um myndaeftirlitskerfi skólans í ljósi nýrra persónuverndarlaga. Árni segir að nemendur sem skrá sig í skólann í haust þurfi að skrifa undir upplýst samþykki fyrir eftirlitskerfinu sem og annari vinnslu með kennitölur þeirra í skólanum. Það þarf m.a. að skoða hversu lengi má geyma upptökur. Ný skjalastjórnunarlög eru einnig að koma til framkvæmda og skólinn er að vinna í þeim málum. Búið er að semja um Office skjalastjórnunarkerfi í SharePoint. Nýr málalykill skólans verður að öllum líkindum sendur Þjóðskjalasafni í sumar.

Skúli Björn slítur fundi kl. 18:00.

Næsti fundur verður ákveðinn þegar líður að nýju skólaári.

Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.

SE: B
hugmin Binnu Brömsdóttir
Anna Björk Guðmund.
Lalldur B. W.

